

FUNDARGERÐ 7. Stjórnarfundar, sem haldinn var 4. mars 2008 á Sel hóteli í Mývatnssveit.

Mætt:

Aðalmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Hjalti Þór Vignisson og Þórunn Pétursdóttir.

Varamenn: Böðvar Pétursson og Eydís Indriðadóttir.

Svo og áheyrarfulltrúi Magnús Hallgrímsson og einnig starfsmaður stjórnar, Þórður H. Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðaði: Hjalti Guðmundsson

1. *Samþykki dagskrár stjórnarfundar og fundar með Svæðisráði I-Norðursvæði*
 - Dagskrár beggja funda samþykktar.

2. *Samþykki fundargerða 5. og 6. stjórnarfundar 21. janúar og 31. janúar 2008.*
 - Báðar fundargerðirnar samþykkar án athugasemda.

3. *Fundarefni fundar með svæðisráði I, Norðursvæði*

Helstu fundarefni sem ræða á með Svæðisráði I, Norðursvæði eru:

- Samningaviðræður við landeigendur - staða.
- Reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð - staða
- Verndaráætlun
- Gestastofur
 - Arkitektasamkeppni
 - staðsetning
 - skipulagsupprættir
- Landvörslustöðvar
 - viðræður við Ferðafélag Akureyrar um aðstöðu í Herðubreiðarlindum og Dreka
- Hollvinasamtök
- Önnur mál

4. *Rekstraráætlun 2008-lokaútgáfa*

Þar eð ekki eð ekki höfðu borist frá Umhverfisstofnun gögn um endanlegar rauntölur úr rekstri fyrir árið 2007, var hvorki fyrir fundinn né á stjórnarfundinum hægt að leggja fram endanlega útgáfu rekstraráætlunar fyrir árið 2008. Ætlunin var að leggja fram til samanburðar rauntölur úr rekstri þeirra svæða sem Vatnajökulspjóðgarður er að taka við rekstri á af Umhverfisstofun.

Í framhaldi af ákvörðun síðasta stjórnarfundar um að gerðar yrðu rekstraráætlanir fyrir hvert rekstrarsvæði þjóðgarðsins; Norðursvæði, Austursvæði, Suðursvæði og Vestursvæði, var á fundinum farið yfir þann hluta rekstraráætlunarinnar sem tekur til reksturs 2008.

- Rekstraráætlanirnar fyrir öll rekstrarsvæðin samþykktar.

Endanlög gögn með rauntölum 2007 verða send út um leið og þau gögn berast.

5. *Framkvæmdaáætlun 2008 - lokaútgáfa*

Kynnt var endanleg útgáfa framkvæmdaáætlunar, sem samþykkt var á stjórnarfundum 21. jan. s.l., með þeim smávægilegu breytingum sem urðu á þeim fundum.

- Stjórnin samþykkti lokaútgáfu framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2008.

6. *Fjárlagagerð 2009 – kynning*

Sem hluta af fjárlagagerðarvinnu umhverfisráðuneytisins fyrir árið 2009, hefur verið skilað inn fyrstu hugmyndum að fjárlagatillögum Vatnajökulspjóðgarðs fyrir árið 2009.

Þar er gert ráð áframhaldandi uppbyggingu gestastofu á Skriðuklaustri svo og að hafist verði handa við byggingu gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Einnig farið fram á fjárveitingu til uppbyggingar landvarða- og upplýsingastöðva í þjóðgarðinum. Einnig verði gert ráð fyrir að ráðnir verði þjóðgarðsverðir í fullt starfi, bæði á Skriðuklaustri og á Kirkjubæjarklaustri svo og þjóðgarðsvörður við Mývatn hluta úr árinu. Farið verður fram á auknar fjárveitingar vegna aukinnar landvörslu í Vatnajökulspjóðgarði á árinu 2009.

- Stjórnin styður þessar fyrstu hugmyndir að fjárlagatillögum fyrir árið 2009.

7. *Samningaviðræður við landeigendur – staða*

Umhverfisráðuneytið hefur sent samningsdrög til allra hlutaðeigandi landeigenda og ábúenda og bíður nú viðbragða, sem berast eiga um miðjan mars.

8. *Reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð – staða*

Fyrstu drög að reglugerð eru enn í skoðun hjá umhverfisráðuneytinu og Umhverfisstofnun og er viðbragða þaðan að vænta öðru hvoru megin við páska og verður ný útgáfa að drögum að reglugerð þá strax send svæðisráðum til áframhaldandi yfirferðar.

9. Landvörslustöðvar

Samþykkt var að nýir landverðir sumarið 2008 verði staðsettir í Kverkfjöllum, Snæfelli, Hrauneyjum og í Nýjadal, en auk þess er landvarsla aukin bæði í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum.

Viðræður við ferðafélög og aðra aðila um aðstöðu fyrir landverði á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins, eru á lokastigi og fyrirhugað er að auglýsa eftir sumarstarfsfólki þar og á öðrum stöðum um næstu helgi með umsóknarfresti til 25. mars.

- Ákveðið var að farið verði í varanlega lausn á aðstöðu fyrir landvörð í Blágiljum.
- Samþykkt var að fá arkitektastofur til að koma með hugmynd að útliti landvarðahúss fyrir þjóðgarðinn og þá fyrst fyrir landvarðarhús í Blágiljum og ákveðið að einn þeirra sem kæmi með tillögur að útliti verði vinningshafinn úr arkitektasamkeppninni.

Einnig voru kynntar viðræður við Skaftárhrepp um lausn á kaldvatnsöflun og frárennslismálum í Blágiljum og Hrossatungum.

10. Gestastofur

- *Arkitektasamkeppni-staða*

Aðeins ein fyrirspurn barst í fyrri fyrirspurnartíma. Þátttakendur eiga að skila inn tillögum 2. apríl n.k. og dómnefnd stefnir að því að birta niðurstöður fyrir lok apríl.

- *staðsetning og skipulagsupprættir*

Eins og áður hefur komið fram liggja fyrir tillögum um stöðasetningar allra fyrirhugðra nýrra gestastofa í þjóðgarðinum, nema við Mývatn.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps í Mývatnssveit, ásamt sveitarstjóra, mætti til fundarins og lagði þar fram og kynnti tillögu að staðsetningu sem er við þjóðveg 1, Austurlandsveg, vestan Múlavegar.

Ítrekað var að deiliskipulag nýrra gestastofa þarf að liggja fyrir eins fljótt og kostur er.

11. Kynningarfundir og málþing á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins.

Uppi hafa verið hugmyndir um að Vatnajökulsþjóðgarður í samvinnu við væntanleg Hollvinasamtök, verði með kynningarfundum nokkru fyrir stofnun þjóðgarðsins. Hugmyndin er sú að kynningarfundir verði haldnir á hverju rekstrarsvæði svo og verði einn fundur haldinn á höfuðborgarsvæðinu.

Innlegg verði frá Vatnajökulsþjóðgarði, heimaaðila svo og Hollvinasamtökum auk fjórða aðila, sem ekki hefur endanlega verið ákveðinn. Fundirnir verði 2 ½ klukkustunda langir, haldnir eftir vinnutíma og markhópurinn verði hagsmunaðilar á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins.

Einnig eru uppi hugmyndir um málþing sem haldin yrðu seinna og með nokkuð öðru sniði.

- Stjórnin samþykkti að haldið yrði áfram að vinna að undirbúningi þessara mála.

12. Rekstrarmál

- Merki – notkun

Kynntar voru fyrstu hugmyndir að notkun nýs merkis, bæði á prentuðu efni, skiltum, fánum, starfsmannafatnaði, merkjum og minjagipum.

- Bæklingar, endurútgáfa, ný útgáfa

Verið er að undirbúa endurútgáfu allra bæklinga og prentaðs efnis svo og gerð nýrra bæklinga m.a. bæklinga um þjóðgarðinn í heild sinni.

- Skilti, endurgerð, ný

Einnig er verið er að undirbúa lagfæringar á skiltum í þjóðgarðinum og hvernig nýju merki þjóðgarðsins yrði komið fyrir.

- Sala varnings í gestastofum-staðall

- Stjórnin vill að farið verði sérstaklega yfir og val og viðmið á varningi til sölu í gestastofunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum á árinu 2008, sem taki ekki síst mið af heildarsýn á verksvið og tilgang Vatnajökulþjóðgarðs. Mótuð verði framtíðarstefna um sölu á varningi í gestastofunum, þar sem gæðanefnd leggi línur um þann varning sem verði til sölu hvert ár og ekki síst tekið tillit til gæna innkaupa.

- Heimasíða

Verið er að vinna upp fyrstu hugmyndir um útlit á heimasíðu Vatnajökulþjóðgarðs og í framhaldinu verður leitað tilboða í uppsetningu og gerð heimasíðunnar frá að lágmarki 5 aðilum.

13. Öryggismál í Vatnajökulþjóðgarði-umræða

Magnús Hallgrímsson og ÞHÓ höfðu aðeins undirbúið þennan dagskrárlið.

Magnús kynnti aðkomu Almannavarnarnefndar og Neyðarlínu 112, svo og hlutverk björgunarsveita og björgunarkerfi Landsbjargar SÁT-kerfið.

- Stjórnin leggur til að rætt verði við lögreglustjóra og sýslumenn allra rekstrarsvæða þjóðgarðsins um viðbragðsáætlanir.
- Allir bæklingar sem gefnir eru út um öryggismál af þar til bærum aðilum liggi frammi á öllum mögulegum stöðum í Vatnajökulþjóðgarðinum.

14. Önnur mál

- Samþykkt að Ríki Vatnajökuls fái aðstöðu fyrir sína starfsemi í Skaftafelli (ÞHÓ)
- Ákveðið að settar verði nokkrar spurningar um Vatnajökulþjóðgarð inn í spurningavagn hjá Capacent-Gallup

15. Næsti stjórnarfundur

Næsti stjórnarfundur verður 7. apríl á Skriðuklaustri með Svæðisráði II - Austursvæði.